



Tvö verk á sýningunni Íslensk abstraktlist í Listasafni Íslands.

Draumurinn um hreint form

Í Listasafni Íslands stendur yfir sýningin Draumurinn um hreint form. Er um að ræða yfirlitssýningu um íslensk strangflatarmálverk og geómetríska höggmyndalist á sjötta áratugnum. Einnig eru á sýningunni verk danskra og franskra listamanna sem höfðu áhrif á íslenska myndlist á þessum tíma.

Sýningar

Á sýningunni eru 64 verk eftir níttján íslenska listamenn og þrjá erlenda, sem flestir komu fram á sjötta áratug aldarinnar og tileinkuðu sér myndmál er byggðist á hreinum geómetrískum formum og hreinum lítaflötum, án nokkurrar tilvísunar í hinn ytri veruleika. Einnig eru sýnishorn af því hvernig hugmyndir strangflatarlistarinnar birtust í húsgerðarlist, prentverki og auglýsingagerð. Strangflatarlistin var ekki bara umdeild meðal þjóðarinnar, hún olli líka klofningi innan samtaka listamanna hér á landi á sínum tíma. Engu að síður átti list þessara manna eftir að hafa mótandi áhrif á listskilning þjóðarinnar. Sýningin stendur til 25. október.

Japönsk leirlist

Jan Kawaguchi, japanskur leirlistarmaður sem sýnir verk sín um þessar mundir í Ásmundarsafni við Freyjugötu, heldur fyrirlestur í Barmahlíð, fyrirlestrasal MHÍ í Skipholti 1 á morgun kl. 12.30. Fjallar hann um eigin verk og sýningar.

Astma- og ofnæmisfélagið

Félagsfundur verður á fimmtudaginn kl. 20.30 í Múlabæ, Ármúla 34.

Efni fundarins: Myndun stuðningshópa astma- og ofnæmisfólks og aðstandenda þeirra.

Kosning fulltrúa á þing SÍBS. Kaffiveitingar.

Málstofa á Bifröst

Dr. Ásta Bjarnadóttir starfsmannastjóri mun fjalla um nýjungar í starfsmannastjórnun á málstofu Samvinnuháskólans í dag kl. 15.30 í hátíðarsal Samvinnuskólans á Bifröst og eru allir velkomnir.

Samkomur

Kvenfélagið Fjallkonurnar

Fyrsti fundur vetrarins verður í kvöld kl. 20.30 í Safnaðarheimili Fella- og Hólaakirkju. Vetrarstarfið kynnt. Gestur fundarins Illugi Jökulsson.

Aglow

Konur og karlar – verið öll hjartanlega velkomnir á hinn árlega herra-fund Aglow sem haldinn verður í kvöld kl. 20 í Kristnibóðssalnum, Háaleitisbraut 58-60. Kaffi, söngur, hugvekja og fyrirbærir.

Skák

Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni verður með skák í dag kl. 13., keppt er í sex manna hópum.

Blús á Gauknum

Í kvöld verður blúsinn í heiðri hafður á Gauki á Stöng. Það er hljómsveitin Blúsmenn Andreu með söngkonuna Andreu Gylfadóttur í broddi fylkingar sem ætla að kanna stílbrigði blúsins. Blúsmenn Andreu er átta ára gömul hljómsveit sem alls staðar hefur hlotið góðar viðtökur. Í hljómsveitinni eru sjóðir blúsmenn sem kunna ýmislegt fyrir sér. Auk Andreu eru í sveitinni Guðmundur Pétursson, gítar, Jóhann Hjörleifsson, trommur, Haraldur Þorsteinsson, bassi, og Einar Rúnarsson, hljómborð. Annað kvöld og á fimmtudagskvöld tekur svo við á Gauknum hljómsveitin Spur og skemmtir gestum.

Skemmtanir

Bubbi á Borginni


Bubbi Morthens heldur áfram að syngja lög af eldri plötum sínum og kynna ný lög á Hótel Borg í kvöld. Í kvöld er það Kona sem hann syngur lög af. Tónleikar Bubba hefjast kl. 21.

Kaffi Reykjavík

Dúettinn Rut Reginalds og Birgir Birgis skemmta gestum á Kaffi Reykjavík í kvöld og annað kvöld.



Andrea Gylfadóttir fer fyrir sínum mönnum á Gauki á Stöng í kvöld.



Veðrið í dag

Smáskúrir vestan til á landinu

Yfir vestanverðu landinu er lægðardrag sem þokast austur. Yfir Skandinavíu er 1032 mb lægð sem hreyfist austsuðaustur. Skammt suðaustur af Hvarfi er 997 mb lægð á hreyfingu norðaustur.

Í dag verður suðlæg átt, kaldri eða stinningskaldi austan til en hæg um

landið vestanvert. Súld eða rigning suðaustanlands, skýjað að mestu en úrkomulítið norðaustan til en smáskúrir vestan til í dag. Sunnan- og suðvestangola eða kaldri og súld eða rigning vestan til en léttskýjað norðan til í nótt. Hiti 7 til 13 stig.

Á höfuðborgarsvæðinu verður hæg suðlæg átt og smáskúrir í dag en sunnan og suðvestan súld eða rigning í kvöld og nótt. Hiti 8 til 11 stig.

Sólarlag í Reykjavík: 18.40
Sólarupprás á morgun: 07.53
Síðdegisflóð í Reykjavík: 18.41
Árdegisflóð á morgun: 07.02,

Veðrið kl. 6 í morgun:

Akureyri	rigning 10
Akurnes	rigning 9
Bergsstaðir	rigning 10
Bolungarvík	hálfskýjað 5
Egilsstaðir	10
Kirkjubæjarkl.	rigning 10
Keflavíkurflugvöllur	skýjað 8
Raufarhöfn	rigning 9
Reykjavík	rigning og súld 10
Stórhöfði	súld 10
Bergen	þokuruðningur 3
Kaupmannahöfn	hálfskýjað 7
Ósló	skýjað 7
Algarve	léttskýjað 13
Amsterdam	þokumóða 8
Barcelona	hálfskýjað 13
Dublin	skúr 11
Halifax	léttskýjað 4
Frankfurt	þokumóða 9
Hamborg	léttskýjað 3
Jan Mayen	þokumóða 5
London	rigning 10
Lúxemborg	skýjað 8
Mallorca	rign. á síð. kls. 16
Montreal	heiðskírt 4
New York	heiðskírt 14
Nuuk	3
Orlando	heiðskírt 24
Paris	léttskýjað 6
Róm	þrumuv. á síð. kls. 19
Vín	rigning 10
Washington	þokumóða 16
Winnipeg	þoka 10

Góð færð á aðalleiðum


Yfirleitt er góð færð á vegum landsins. Á nokkrum stöðum eru þó enn vegavinnuflokkar að störfum. Á Vestfjörðum er verið að lagfæra í Óshlíðinni og Botn-Súðavík, á Suðurlandi á Skeiðarársandi og Hvolsvöllur-Vík. Á hluta leiðarinnar

Færð á vegum

Jökulsá-Höfn er nýlagður vegur og ef óvarlega er farið getur það orsakað steinkast. Á Austfjörðum er verið að vinna á leiðunum Djúpvogur-Breiðdalsvík og Unaós-Borgarfjörður.



Ástand vega



Vala og Jón eignast son

Myndarlegi drengurinn á myndinni, sem heitir Gunnar Þór Berg Traustason, fæddist í Haugasundi í Noregi 31. mars síðastliðinn kl. 19.37

að norskurum tíma. Hann vó við fæðingu 3500 grömm og var 50 sentímetra langur. Foreldrar hans eru Vala Kolbrún Reynisdóttir og Jón Trausti Lúthersson. Fjölskyldan býr í Karmöy í Noregi.

Barn dagsins

dagsönn

Sandra Bullock leikur unga konu sem beðið hefur skipbrot í lífinu.



Hope Floats

Sam-bíóin sýna nýjustu kvikmynd Söndru Bullock, Hope Floats. Er um að ræða rómantískt drama sem segir frá Birdee Pruitt, fyrrum fegurðardrottningu, sem á allt til alls og lifir hamingjusömu millistéttarlífi sem hrynur undan henni einn daginn. Til að bera smyrsl á sárin ákveður Birdee að hverfa aftur til síns heima í smábænum Smithville, Texas. Ekki verður líf hennar neinn dans á rósum þótt heim sé komið. Hún þarf að eiga við dyntótta móður og barn sem saknar föður síns. Þá verður það ekki til að gera líf hennar einfaldara þegar hún hittir fyrir

Kvikmyndir


fyrirverandi skólafélaga sem hrífst af henni.

Helstu mótleikarar Söndru Bullock eru Harry Connick jr., sem er þekktur söngvari og pianóleikari, og Gena Rowlands. Leikstjóri er Forest Whitaker. Whitaker er þekktur leikari og varð frægur þegar hann lék djassleikarann frága, Charlie Parker, í kvikmynd Clint Eastwoods, Bird.

Nýjar kvikmyndir:

Bíóhöllin: Hope Floats
Bíóborgin: Hestahvísarinn
Háskólabíó: Dr. Doolittle
Kringlubíó: Björgun óbreytts Ryan
Laugarásbíó: The Patriot
Regnboginn: Phantoms
Stjörnubíó: The Mask of Zorro

Krossgátan



Lárétt: 1 gluggatjald, 8 vitlaus, 9 spil, 10 stærstar, 12 erfiða, 13 hljóðir, 15 fljótið, 16 nöldur, 18 andvarp, 20 dónaskapur, 21 steig.

Lóðrétt: 1 tannstæði, 2 bara, 3 krotá, 4 hermanninum, 5 klaki, 6 kropp, 7 útlím, 11 hraðans, 12 skilvegg, 14 skelfing, 17 op, 19 oddi.

Lausn á síðust krossgátu:

Lárétt: 1 brók, 5 blæ, 8 litur, 9 er, 10 æst, 11 reik, 13 randir, 15 greiðug, 17 rá, 19 nánu, 21 ól, 22 ansa.

Lóðrétt: 1 blær, 2 risar, 3 ótt, 4 kuldinn, 5 breið, 6 leir, 7 ær, 12 kúgun, 14 nema, 15 gró, 16 Una, 18 ál, 19 ás.

Gengið

Almennt gengi LÍ 06. 10. 1998 kl. 9.15

Eining	Kaup	Sala	Tollgengi
Dollar	68,450	68,790	69,600
Pund	115,440	116,030	118,220
Kan. dollar	43,920	44,200	46,080
Dönsk kr.	11,0300	11,0880	10,8700
Norsk kr	9,1880	9,2380	9,3370
Sænsk kr.	8,5690	8,6170	8,8030
Fr. mark	13,7690	13,8510	13,5750
Fr. franki	12,5030	12,5750	12,3240
Belg. franki	2,0323	2,0445	2,0032
Sviss. franki	50,9800	51,2600	49,9600
Holl. gyllini	37,1800	37,4000	36,6500
Þýskt mark	41,9300	42,1500	41,3100
It. líra	0,042030	0,04229	0,041820
Aust. sch.	5,9580	5,9950	5,8760
Port. escudo	0,4087	0,4113	0,4034
Spá. peseti	0,4931	0,4961	0,4866
Jap. yen	0,516400	0,51950	0,511200
Írskt pund	104,630	105,280	103,460
EDU	94,830000	95,40000	95,290000
SCR	82,6400	83,1400	81,3200

Símsvari vegna gengisskráningar 5623270